



Mýrdalshreppur

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2177  
komudagur 14.4.135/2177

## Umsagnir um þingmál

*Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál*

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er í meginatriðum samþykkt efni frumvarpsins en telur þó nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar.

Í 10. gr. er fjallað um Landsskipulagsáætlun sem umhverfisráðherra skal leggja fram í formi þingsályktunartillögu að afloknum hverjum alþingiskosningum og skal áætlunin vera til 12 ára. Skv. frumvarpinu skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við landskipulagsáætlun. Með þessu er virðist freklega vegið að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tekur undir sjónarmið sem komið hafa fram um að frekar skuli tala um Landsskipulagsstefnu en Landsskipulagsáætlun. Einnig sýnist brýnt að nánar sé skilgreint hvaða þátta Landsskipulagsstefnan skal taka til og hverra ekki.

Í 37. grein kemur fram að þegar um er að ræða breytingar á mannvirkjum sem varða útlit og form skuli leita beint til sveitarstjórnar en ekki til byggingarfulltrúa. Það er því lagt í hendur umsækjanda að átta sig á hvort senda beri umsókn til byggingarfulltrúa eða sveitarstjórnar eftir því hvort breytingin hefur áhrif á burðarþol eða ekki. Þetta sýnist bjóða upp á misskilning og spurning hvort ekki sé heppilegra að allar breytingar á mannvirkjum séu háðar byggingarleyfi en byggingarfulltrúa falið að meta hvort aflu þurfi umsagnar sveitarstjórnar.

Vík 10. apríl 2008

Sveinn Pálsson

Sveitarstjóri